

EFTIRLITSSKÝRSLA

H.B. Grandi Akranesi Akranes



Dags eftirlits	7.10.2013	Fulltrúi UST	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	H.B. Grandi Akranesi	Fulltrúi UST	Ásgeir Björnsson
Heimili	Bárugata 8-10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5411850389	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Almar Sigurjónsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Ásgeir Björnsson	Staðsetning	350582,068 427101,867

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu kom fram eitt frávik frá starfsleyfi að ekki séu gerðar mælingar á frárennsli frá fitugildru. Auk þess voru athugasemd gerð við að skráninga á sýrustigi í frárennsli er ábótant.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu var byrjað á að fara yfir gildandi starfsleyfi og þá skilaskyldu sem kveðið er á um í því.

Gildandi starfsleyfi rennur út 1.febrúar 2014 og er unnið að gerð nýs starfsleyfis.

UST var tilkynnt um gangsetningu loðnuvertíðar 16.febrúar 2013 og um að henni hefði verið lokið 26.mars 2013.

TVN skráningar voru afhentar í eftirlitinu og var TVN innihald vel undir losunarmörkum.

Grænu bókhaldi var skilað til UST 27.febrúar sl fyrir rekstarárið 2012 og skýrsla um frárennslismælingar barst stofnuninni 22.apríl 2013.

Helsti úrgangur verksmiðjunnar eru mjölpokar sem sendir eru til Íslenska Gámafélagsins.

Farið var yfir frárennslismál fyrirtækisins.

Mælingar og skýrsla var unnin í samræmi við leiðbeiningar sem UST gaf út á síðasta ári. COD er yfir mörkum en ekki er hægt fullyrða að það sé hægt að rekja til starfseminnar þar sem að sjósýni við inntak mælist með hærra COD en í frárennslinu. Inntakið er við höfnina nálægt löndunarstaðnum. UST telur æskilegt að auka viðmiðunarsjósýni sé tekið utar í höfninni.

Rætt var um mælingar á sýrustigi við losun sýru eða vítið ósóða í frárennsli sbr. grein 4.2 í starfsleyfi. Minnt var á að slíkar mælingar skuli gera þegar losun sýru eða vítið ósóða á sér stað.

Frárennsli úr fitugildru er leitt í almenningsfráveitu. Fitugildran var tæmd að lokinni vertíð, í lok mars, og sá Hreinsitækni um tæmingu hennar. Frárennsli kælivatns fer út um frárennslisstokk austan við verksmiðjuna. Einungis eru gerðar mælingar á frárennsli kælivatns frá verksmiðjunni en ekki frá fitugildru sem leitt er í almenningsfráveitu.

Nýtt starfsleyfi er í vinnslu. Auglysingartími er runninn út og vinnur UST nú úr umsögnum.

Engar kvartanir bárust UST vegna starfseminnar á árinu.

Frávik frá

Grein 4.2 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

COD, fitu og svifagnir í fráveitu verksmiðjunnar skal mæla árlega.

Mæla skal frárennsli frá fitugildru og öðrum hreinsibúnaði. Í eftirlitinu kom fram að ekki eru gerðar mælingar á frárennsli frá fitugildru.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd var gerð við að skráningum á sýrustigi við losun sýru og vítið ósóða í frárennsli sbr. grein 4.2 í starfsleyfi er ábótant. Skráningar sýrustigsins skulu vera aðgengilegar í eftirliti.

ANNAÐ

Æskilegt er að viðbótar sjósýni sé tekið utar í höfninni til samanburðar við sjósýni við inntak kælivatnsins.

Við skoðun eftirlitsaðila á frárennslisopi frá verksmiðjunni komu upp efasemdir um að það uppfyllti kröfur í 2.mgr 9.gr

reglugerðar 798/1999 um fráveitur og skólp þar sem að kveðið er á um að fráveita til sjávar skuli veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Rekstraraðili fékk óháðan aðila (Verkís) til að greina hæð og legu frárennslisstokksins þar sem fram kemur að niðurstöður mælinga sýna að rennslisbotn útrásarinnar er í kóta -3,52 m í hafnarkerfi Akraness, og fjarlægð í miðlinu hennar 34,3 m frá meðalstórstraumsfjöruborði.

Reykjavík, 21.11.2013

Halla Einarsdóttir

Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á íþágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.